

## AUGLÝSING

### um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, og fjárlög fyrir árið 2021 hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna fyrir 1. janúar 2021 sem hér segir:

**a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**

á veitusvæði HS Veitna	6,32 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli	8,17 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	6,36 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli	8,53 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	5,66 kr./kWst.,
á veitusvæði Veitna ohf.	5,95 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	5,98 kr./kWst.

**b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:**

RARIK	4,46 kr./kWst.,
Orkubú Vestfjarða	4,59 kr./kWst.,
HS Veitur	147,80 kr./m <sup>3</sup> (3,27 kr./kWst.).

**c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

**d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2021, hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m<sup>3</sup>/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. janúar 2021.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. desember 2020.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Ingvi Már Pálsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*